

Lífeyrissjóður Rangæinga

Suðurlandsvegi 3, 850 Hella



Lífeyrissjóður  
Rangæinga

Aukafulltrúafundur 2017

Fundarstaður : Verkalýðshúsið, Helli.

Fundartími : Mánudaginn 26. júní 2017, kl. 20.00.

Elín Guðrún Pálsdóttir, formaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fund formlega. Tillaga borin upp um að Þröstur Sigurðsson taki að sér fundarstjórn og að Unnur Elín Jónsdóttir riti fundargerð. Samþykkt samhljóða.

**Mætt voru** Heimir Hafsteinsson, Óskar Pálsson, Eydís Þ. Indriðadóttir, Þröstur Sigurðsson, Guðrún Elín Pálsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Ólafía B. Ásbjörnsdóttir, Hilmar Harðarson, Ólafur Örn Jónsson og Unnur Elín Jónsdóttir.

**Fundarefni:**

**1. Breyting á samþykktum Lífeyrissjóðs Rangæinga.**

Fundarstjóri greindi frá því að tillögur að breytingum á samþykktum sjóðsins voru sendar út til aðildarfélaga 12. júní sl. eða með tveggja vikna fyrirvara eins og kveðið er á um í samþykktum. Tillögurnar hafa sömuleiðis legið frammi til kynningar á skrifstofu sjóðsins. Fundarstjóri fór yfir fyrirbyggjandi tillögur. Um er að ræða breytingar á greinum í 4. kafla, 9. kafla og inn kemur nýr kafli (15. kafli) sem fjallar um tilgreinda séreign.

**Tillögur að breytingum á samþykktum Lífeyrissjóðs Rangæinga**

- Lagðar fyrir aukafulltrúafund Lífeyrissjóðs Rangæinga 26. júní 2017 -

*Nýr texti er skáletraður.*

**4. kafli Stjórn**

**Er :**

4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð fjórum mönnum. Tveir skulu kosnir af launþegum og tveir af vinnuveitendum. Fjórir varamenn skulu kosnir á sama hátt og til jafnlangs tíma og aðalmenn. Kosning fulltrúa launþega fer fram á ársfundi sjóðsins, en framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins kýs fulltrúa vinnuveitenda.

**Verður :**

4.1 Stjórn sjóðsins skal skipuð fjórum mönnum. Tveir skulu kosnir af *fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi og tveir skipaðir af stjórn Samtaka atvinnulífsins. Stjórn Samtaka atvinnulífsins skal skipa einn varamann og einn varamaður skal kosinn af fulltrúum sjóðfélaga á sama hátt og til jafnlangs tíma og aðalmenn.*

**Er:**

4.2. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra.

**Verður:**

4.2 Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa og skipa helming stjórnarmanna og varamanna. *Aðildarfélög skulu gæta ákvæða laga um kynjahlutföll við skipan stjórnarmanna.*

## **9. kafli lögjöld**

### **Grein 9.1**

**Er:**

9.1 lögjald til samtryggingardeildar lífeyrissjóðsins skal vera skv. kjara- eða ráðningarsamningi, ekki lægra en 12% og ekki hærra en 15,5% af launatekjum sjóðfélaga 16 til 70 ára, sem tilgreind eru í greinum 9.2. eða 9.3., og mynda þau rétt til samtryggingarverndar samkvæmt ákvæðum samþykka sjóðsins. Sjóðfélaga er heimilt að hækka eða lækka lögjald til samtryggingarverndar frá því sem kjara- eða ráðningarsamningur segir til um innan ofangreindra marka enda sé gerður um það sérstakur skriflegur samningur á milli sjóðfélaga og lífeyrissjóðsins. Lífeyrissjóðurinn setur og gefur út skilmála um slíkan samning. [Ákvæði til bráðabirgða: Lágmarksiðgjald skal þó vera 11% til 31.12.2006]

**Verður:**

9.1. Iðgjald til samtryggingardeildar lífeyrissjóðsins skal vera skv. kjara- eða ráðningarsamningi, ekki lægra en 12% af launatekjum sjóðfélaga 16 til 70 ára, sem tilgreind eru í greinum 9.2. eða 9.3., og myndar það rétt til samtryggingarverndar samkvæmt ákvæðum samþykka sjóðsins. *Sjóðfélaga er heimilt að ráðstafa allt að 3,5% iðgjaldi af iðgjaldsstofni umfram 12% af iðgjaldsstofni í tilgreinda séreignardeild, enda sé gert ráð fyrir slíku í kjara- eða ráðningarsamningi.*

*Hámark iðgjaldshlutfalls sem greitt verður af til samtryggingardeildar lífeyrissjóðsins skal vera jafnhátt því sem hæst er um samið í kjarasamningi aðildarsamtaka sjóðsins. Sjóðfélaga er heimilt að hækka eða lækka iðgjald til samtryggingarverndar frá því sem kjara- eða ráðningarsamningur segir til um innan ofangreindra marka enda sé gerður um það sérstakur skriflegur samningur á milli sjóðfélaga og lífeyrissjóðsins. Lífeyrissjóðurinn setur og gefur út skilmála um slíkan samning.*

**Grein 9.2 er :**

9.2 Lágmarksiðgjald samkvæmt 9.1. skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru skv. 1.mgr.1.tölul. A liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnað, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrki, dagpeninga og fæðispeninga. Enn fremur skal ekki telja til gjaldstofns eftirlaun og lífeyri sem Tryggingastofnun ríkisins eða lífeyrissjóður greiðir, bætur greiddar af Tryggingastofnun ríkisins, slysa- og sjúkradagpeninga úr sjúkrasjóðum stéttar-félaga og bætur tryggingafélaga vegna atvinnutjóns af völdum slysa. Þá skal telja til iðgjaldsstofns atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

**Verður :**

9.2 *Iðgjald* samkvæmt 9.1. skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru skv. 1.mgr.1.tölul. A liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnað, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrki, dagpeninga og fæðispeninga. Enn fremur skal ekki telja til gjaldstofns eftirlaun og lífeyri sem



Tryggingastofnun ríkisins eða lífeyrissjóður greiðir, bætur greiddar af Tryggingastofnun ríkisins, slysa- og sjúkradagpeninga úr sjúkrasjóðum stéttar-félaga og bætur tryggingafélaga vegna atvinnutjóns af völdum slysa. Þá skal telja til iðgjaldsstofns atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Nýr kafli.

#### 15. Tilgreind séreign

15.1 Í samræmi við kjarasamning þá er sjóðfélaga heimilt að ráðstafa allt að 3,5% iðgjald af iðgjaldsstofni umfram 12% af iðgjaldsstofni í tilgreinda séreignardeild. Samkvæmt gr. 3.5 í samþykktum sjóðsins og lögum nr. 129/1997 um lífeyrissjóði þá er stjórn sjóðsins heimilt að semja við aðila sem uppfylla skilyrði 3. mgr. 8. gr. nefndra laga um rekstur tilgreindrar séreignardeildar.

15.2 Þeir sjóðfélagar sem óska eftir að ráðstafa hluta af iðgjaldi í tilgreinda séreign skulu tilkynna það til sjóðsins með sannanlegum hætti eftir þeim reglum sem sjóðurinn setur í samræmi við ákvæði gildandi laga og reglugerða. Sjóðfélagar geta með sama hætti tilkynnt um að þeir óski þess að láta af greiðslum í tilgreinda séreign og rennur iðgjald þá til samtryggingardeildar.

15.3 Lífeyrissjóðurinn skal gera breytingar á ráðstöfun iðgjalds til samræmis við tilkynnta ákvörðun sjóðfélaga samkvæmt framansögðu eins fljótt og kostur er og eigi síðar en tveimur almanaksmánuðum frá því að tilkynning berst með sannanlegum hætti. Ákvörðun um breytingu á ráðstöfun iðgjalds til framtíðar hefur ekki áhrif á þegar ráðstafað iðgjald.

15.4 Iðgjöld sem greidd eru í tilgreinda séreign skulu vera séreign þess rétthafa er greiðir. Framlag í tilgreinda séreign gefur ekki rétt til fyrirfram ákveðins lífeyris heldur skal útborgun úr sjóðnum vera í samræmi við inneign hvers og eins.

15.5 Sjóðfélaga er heimilt að hefja úttekt úr tilgreindri séreign frá 62 ára aldri og skulu greiðslur þá dreifast að lágmarki á þann tíma sem hann á eftir fram að 67 ára aldri. Óski rétthafi þess er heimilt að víkja frá fyrrgreindum endurgreiðslutíma ef innstæðan er undir 500.000 kr. Viðmiðunarfrjárhæð þessi breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

15.6 Rétthafi, sem vegna örorku verður að hætta störfum áður en hann nær 62 ára aldri, á rétt á að fá inneign sína í tilgreindri séreign greidda með jöfnum mánaðarlegum greiðslum á eigi skemmri tíma en 7 árum. Nú er örorkuprósentan lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi.

Óski rétthafi þess er heimilt að víkja frá fyrrgreindum endurgreiðslutíma ef innstæðan er undir 500.000 kr. Viðmiðunar fjárhæð þessi breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

15.7 Við andlát rétthafa öðlast erfingjar hans rétt til innstæðunnar eftir reglum erfðalaga. Láti rétthafi ekki eftir sig börn eða maka, skal innstæðan renna til dánarbús rétthafa án takmarkana 2. msl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997.

15.8 Rétthöfum er óheimilt að framselja, veðsetja eða á annan hátt ráðstafa innstæðu eða réttindum í tilgreindri séreignardeild nema slíkt sé sérstaklega heimilað skv. lögum nr. 129/1997.

Aðrir kaflar og greinar sem koma á eftir breytast samsvarandi í númeraröð.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs. Fundarstjóri bar upp tillögurnar til breytinga á samþykktum sjóðsins til samþykktar eða synjunar. Breytingar á öllum greinum bornar upp saman að fengnu leyfi fundarins. Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.

Stjórn undirritar nýjar samþykktir og verða þær sendar til Fjármála- og efnahagsráðuneytis til staðfestingar, að fengnu álitum Fjármálaeftirlitsins.

## 2. Önnur mál

Óskar fjallaði um breytinguna á greinum 4.1 og 4.2, fækkun varamanna í tvo og samspil við reglur um kynjahlutföll í stjórn sjóðsins. Ljóst að aðildarfélag þurfa að skoða vinnureglur hvað varðar skipan og kjör varamanna m.t.t. kynjahlutfalla í stjórn hverju sinni.

Hilmar spurði hvort sjóðurinn væri kominn með reiknivél inná netið vegna tilgreindu séreignarinnar. Nei sagði Þróstur en það er verið að vinna í því.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til handa fundarstjóra og ritara að fá að ganga frá fundargerðinni eftir á og senda út þegar hún er tilbúin. Fundargerðin verður líka birt og vistuð á heimasíðu sjóðsins.

Fundurinn gaf starfsmönnum fundarins heimild til að ganga frá fundargerðinni.

Fleira var ekki rætt.

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar og sleit fundi formlega kl. 20:26.

Fundarritari:

Unnur Elín Jónsdóttir



Fundarstjóri:

Þröstur Sigurðsson

